# Benedikt Sveinsson

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Nesodda-fundinum – Hermann – Pétur Ottesen

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-5, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 14. júní 1937.

Góði sonur.

Ég ætla að hripa þér fáar línur. Skipin eru að fara. Ég hefi sjálfsagt ekki tíma til að lesa þetta yfir. Verður þú að lesa í málið.

Vitneskjan harðnar og meira frór færist í tuskurnar. Fregnir af Nesodda-fundinum í Dölum eru í „Vísi", sem ég sendi glóðvolgan. Þorst. Briem er nýkominn úr Dölum. Lætur vel af horfunum. Segir forsending Jónasar vestur hafa orðið sér til liðsauka. Er öruggur. Segir sama og engu verr af Nesodda-fundi en „Vísir". — Hermann nú kominn í illa klípu. Reynir vitanl. að ljúga sig út úr vandræðunum. Hvernig? — Ormurinn í Leonu-vatni lét sér vaxa tvö höfuð, fyrir hvert, sem af var höggvið.

Fundur var hjálmennur í Borgarnesi í gær. Bjarni hafði farið óskaplegar hrakfarir. Pétur Ottesen hlífði honum, nú ekki; — gengu 200 kjósendur út þegar Bjarni fór að tala, víst í virðingar-skyni!! Svo kom Þorsteinn sýsli og hafði staðið sig mjög vel. Bjarni var alveg flatur. ók austur í dag. Ætlar hann

Nú ~~kom~~ Jón í ~~Vatnhól~~ á eigin-bifreið og að laga fr. sína eftir mætti. Hann var hinn gunnreifasti. Fékk dálítið nesti (hirurtið málaða, Morgunbl.). Sagði alla góða í Þingvallasveit nema 2. (Einar á Kárast. og Miðfellsbónda, sem þó væri beggja blands). Þó. og Bjarni læddust þangað á sveitar eða hreppsfund um daginn — eftir beiðni hreppstjórans, til þess að tala við sem flesta. Héldu svo langar, en ó-samfærandi ræður. Bjarni á Laugarvatni kom svo með þá spurningu: hvort sveitamenn vildu nú ekki stofna framsóknarfélag! „Tilbúinn er ég" sagði hreppstj. — Jón á Brúsast. sagðist algerlega mótmæla stofnun slíks félags-skapar. Sagði þá enginn eitt orð. Féll allt niður. — Jafnvel Markús bryti er nú andhverfur hriflungum.

Bjarni á Laugarv. er nú sagður alveg úr sögunni. Jafnaðarmenn ætla að styðja Jörund með öðru atkvæðinu, hitt ~~ætla~~ þeir Ingimari. Getur það e. t. v. bjargað Jörða.

Horfur sagðar bærilegar í Rangárþingi. Einhver er snúist frá hriflungum í Landeyjum. Ásgeir fr. þing fór snöggvast austur til þess að laga eitthvað í Ásahreppi. Venti ég, að hann fari brátt aftur.

Allir eru hissa á frammistöðu Hermanns, og verður víst saumað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eitthvað betur að honum í mögun í „Mogga". — Bombarnar hafa reynst aumlegustu blandblöðrur í höndum hrifluruga og kata, það sem komið er.

Ég held að nú sé götur meyr í mönnum hér um slóðir.

Óvíst er, hvernig breytingin í Skagaf. fer á kosningunum. Við endurkosning hér, náðu sjálfstæðismenn 5 atkv., sem komið höfðu af meinlegsist-voluskap hinum megin, við fyrri kosningu. (Það munar þó 10 atkv.) — Hissa er ég á Pálma, að láta hafa sig í þetta. Óheppilegt mjög hans vegna? Heilsulítill, taugaveiklaður, af alveg fráleitt að rekta latínuskólans taki eindregna og afmarkaða afstöðu í pólitískum flokki.

Hef hitt Jóhannes skipstjóra lauslega, en ekki, sakir annara, hafa fékkið skýrslu af honum. Til líka þýtingarlítið, þar sem margt stærra liggur fyrir, en hitt varla nema sýnishorn af almennri óreiðu, vonbrigðum svikum og labbakútshætti, sóða-. — Pálmi Einarsson hefir dugað prýðilega á Ströndum. Dáin mun hvergi nærri örugg.

Óska þér og öllum flokknum ins bezta.

Kveðja til Sigurjóns og Tofa.

Þinn pater!